

Nd.

81. Frumvarp til laga

um eignarnám á ræktuðum og óræktuðum byggingarlóðum á Sauðárkróki sunnan Sauðár.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar veitist heimild til að láta taka eignarnámi túnlóðir og óbyggðar lóðir á verzlunarlóð bæjarins sunnan Sauðár (árinnar).

Land það eða lóðir, er Sauðárkrókskaupstaður eignast samkvæmt eignarnámi þessu, er honum óheimilt að selja, en heimilt að leigja.

2. gr.

Eignarnámið skal fara fram samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni bæjarstjórnar Sauðárkrókskaupstaðar.

Samkvæmt upplýsingum, sem við flutningsmenn frumvarpsins höfum fengið frá bæjarstjórnunum á Sauðárkróki, eru helztu ástæður fyrir þörf á umbeðinni eignarnámsheimild þessar:

1. Nú hefur bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar ekki orðið ráð á neinum byggingarlóðum fyrir tvílyft hús samkv. gildandi skipulagsupprætti.
2. Á árunum 1908—1910 voru nokkrar túnlóðir útmældar og látnar á erfðafestu 500—600 metrum sunnan við þáverandi suðurtakmörk verzlunarlóðar Sauðárkróks. Um 1918 eru einnig, enn nær verzlunarlóðinni, útmældar nokkrar byggingarlóðir meðfram Skagfirðingabraut að austan. Útmælingar þessar voru gerðar af þáverandi umboðsmanni Reynistaðarklausturs, en ríkissjóður var þá eigandi Sauðár, en Sauðárkrókur er byggður úr landi þeirrar jarðar. Árið 1919 er verzlunarlóð Sauðárkróks stækkuð samkv. lögum, og lenda þá framangreindar lóðir inn á verzlunarlóðina. Hafa lóðirnar meðfram Skagfirðingabraut byggzt smátt og smátt og þó aðallega nú, eftir að lóðir fyrir tvílyft hús eru þrotnar annars staðar. Þó eru 5—6 lóðir enn óbyggðar, og er það á ýmsan hátt til óþæginda fyrir bæjarfélagið, sérstaklega vegna lagna fyrir rafmagn, vatn og skólþ.
3. Sauðárkrókur eignast jörðina Sauða árið 1927 og á nú í samningum við ríkisstjórnina um kaup á verzlunarlóðinni samkvæmt heimildarlögum frá síðasta þingi.
4. Á hinum ræktuðu lóðum eru nú fyrirhugaðar tveggja hæða byggingar, svo og framtíðar sjúkrahús fyrir Skagfirðinga (bæ og sýslu), er bæjarfélaginu því mikil nauðsyn að fá ráðstöfunarrétt á lóðum þessum, einnig til þess að koma í veg fyrir óeðlilega verðhækkun. Samningaumleitanir hafa farið fram um kaup á hinu ræktaða landi, en ekki útlit fyrir, að þeir takist án eignarnámsheimildarinnar í bakhöndinni. Sumir eigenda einnig beinlínis óskað eignarnáms.